

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993.

1. gr.

Í stað „Tryggingaæftirlitsins“ í 3. mgr. 6. gr. komi: Vátryggingaæftirlitsins.

2. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. bætist: Við skráningu eigendaskipta að ökutæki skal einnig ganga úr skugga um að nýr eigandi (umráðamaður) hafi tryggt ökutækið lögmæltri vátryggingu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. mgr. 91. gr., 1. mgr. 94. gr. og 2. og 3. mgr. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 15. september 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 533

31. ágúst 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áður en eigendaskipti að ökutæki eru skráð skal liggja fyrir á staðfestan hátt að greidd hafi verið af ökutækinu tilskilin opinber gjöld og að hinn nýi eigandi (umráðamaður) hafi tryggt það lögmæltri vátryggingu.

2. gr.

36. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðalaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af 1. og 45. f. tölul. I. hluta og 1. tölul. II. hluta II. viðauka við EES samninginn (tilskipun 70/156/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipunum 92/53/EBE, 93/81/EBE, 95/54/EB, 96/27/EB og 96/79/EB, tilskipun 92/61/EBE og tilskipun 74/150/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipun 88/297/EBE).

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í séritunum EES gerðir S4, bls. 1-30 og S5, bls. 1-21, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 2, bls. 297-387 og 517-518, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 16. hefti 1997, bls. 1-74, 5. hefti 1998, bls. 1-40, og ... hefti 1998, bls. ... (óbirt hefti).

3. gr.

Við 2. gr. í viðauka bætist nýr liður í stafrófsröð:

Tækniþjónusta:

Stofnun eða aðili sem er útnefndur sem prófunarstofa til að annast prófanir eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaryfirvalds í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, eða viðurkenn-